

**992. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 23. október 2017  
og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Arna Lára Jónsdóttir formaður, Kristján Andri Guðjónsson aðalmaður, Daníel Jakobsson aðalmaður og Marzellíus Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Sundhöll Ísafjarðar Samkeppni - 2015090052**

Á 991. fundi bæjarráðs, 16. október sl., var kynnt er minnisblað Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, dags. 13. október sl., þar sem gerð var grein fyrir tilboði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í íbúakönnun vegna Sundhallarinnar 2017.

Málinu var vísað áfram til næsta fundar bæjarráðs.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að fá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að framkvæma íbúakönnun í samræmi við umræður á fundinum. Bæjarstjóra er falið að leggja fram drög að viðauka vegna málsins.*

**2. Sundhöll Ísafjarðar Samkeppni - 2015090052**

Lagt er fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 20. október sl., með svörum við spurningum Daníels Jakobssonar, bæjarfulltrúa, varðandi hönnunarsamkeppni um endurbætur á Sundhöll Ísafjarðar. Fyrirspurnin var tekin fyrir á 991. fundi bæjarráðs, 16. október sl. en eru nú lögð fram ítarlegri svör.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Útkomuspá Ísafjarðarbæjar 2017 - 2017090060**

Lögð er fram útkomuspá Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2017. Lagt er til að útkomuspánni verði skilað inn til innanríkisráðuneytisins.

*Edda María Hagalín, fjármálastjóri, mætir til fundarins og fer yfir útkomuspá Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2017.*

**Gestir**

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:18

**4. Sorpmál 2018 - útboð - 2016090021**

Mál sett á dagskrá að beiðni Daníels Jakobssonar, bæjarfulltrúa.

*Umræður voru um útboð vegna sorpmála 2018.*

**5. Ofanflóðavarnir í sunnanverðum Hnífsdal. - 2016040007**

Lagður er fram tölvupóstur Kristínar Mörthu Hákonardóttur, dags. 18. október sl., þar sem tilkynntar eru jarðtæknirannsóknir vegna hugsanlegs garðstæðis snjóflóðavarna ofan byggðar.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Kosningar til Alþingis 2017 - 2017090077**

Lagt er fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 18. október sl.

Bæjarstjóri leggur til við bæjarráð að haldinn verði aukafundur í bæjarstjórn fimmtudaginn 26. október n.k. kl. 12:45 vegna samningar kjörskrár og kosningar undirkjörstjórnar.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja kjörskrá og kosningu undirkjörstjórnar vegna Alþingiskosninga 2017 á aukafundi bæjarstjórnar fimmtudaginn 26. október n.k. kl. 12:45.*

**7. Trúnaðarmál á stjórnarsýslusviði - 2014090027**

Trúnaðarmál ritað í trúnaðarmálabók.

*Fundarbókun færð í trúnaðarmálabók bæjarráðs.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:54**

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Kristján Andri Guðjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Gísli Halldór Halldórsson

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir